



1. skólaráðsfundur 7.09. 2021 kl. 8:10 – 8:50

Fundarstjóri: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

Fundarritari: Rannveig Hafberg aðstoðarskólastjóri

Mættir: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri, Björk Hjaltalín Stefánsdóttir og Gyða Rós Bragadóttir fulltrúar kennara. Brynja Björg Jóhannsdóttir fulltrúi starfsfólks, Bjarney Jóhannsdóttir og Hilmar Snorrason fulltrúar foreldra, Fjóra Sigrún Sigurðardóttir deildarstjóri tómstundar, Haukur Ólafsson fulltrúi nemenda, Rannveig Hafberg aðstoðarskólastjóri

1. Skipulag og áherslur vetrarins 2021-2022 Farið yfir fundaplan, boðun funda, dagskrá og fundartíma.

Það er eftir að fá einn fulltrúa foreldra og velja grenndarfulltrúa í skólaráð. Inga fór yfir skipulag vetrarins og sagði frá skipulagi funda og efni fundarins. Sagði frá öllum kynningum sem verða á svipuðum tíma hjá starfsfólki og skólaráði. Kynning m.a. á skólapúlsi, lesfimi, umbótaáætlun og öllum öðrum könnunum. Á næsta fundi verður húsnæðið skoðað. Inga sýndi hvar öll gögn eru á heimsíðu skólans er varða foreldrafélagið og skólaráð. Inga sagði frá stafrænum póstkassa fyrir foreldra og nemendur. Þar getur fólk komið með athugasemdir og ábendingar nafnlaust. Fundargerðir skólaráðs verða birtar á heimasíðu skólans.

2. Aðkoma nemenda að skólaráði, hvernig getum við virkja nemendur og þeirra hugmyndir betur? Bent á að nota bekkjarfundir, þar geta nemendur komið með hugmyndir sem þeir vilja láta ræða eins getur nemendaráðs fundum.

3. Viðburða- og fundaráætlun og skóladagatal 2021-2022 Inga kynnti fundar- og viðburðadagatalið. Þar er allt inni sem er fram undan, fundir og viðburðir, kannanir og fleira, það sem við á er einnig á skóladagatalinu.

4. Haustfundir – líðanfundir Rannveig sagði frá líðan fundum sem verða núna í haust. Byrjuðum á þeim í fyrra, náðum að halda nokkra fundi. Forráðamenn eru boðaðir með viku fyrirvara. Mikil áhersla á að forráðamenn mæti. Forráðamenn fá tækifæri til að segja frá sínu barni og ræða líðan þess.

5. Ytra mat – Skólinn er að fara í ytramat á vegum Menntamálaráðuneytisins. Matsmenn verða hér í viku og fylgjast með skólastarfi og taka rýniviðtöl við ýmsa hópi þ.a.m. við skólaráð. Hilmar og Sandra mæta fyrir hönd skólaráðs. Allt tekið út, skipulag, kennsluhættir, stjórnun og fl. Skólinn fær skýrslu með heildarmati og í kjölfarið þarf að gera umbótaráætlun. Skýrslan er opinber og er m.a. kynnt í skólaráði og fyrir fræðsluráð.

Önnur mál:

- Það átti að mála ýmislegt á skólalóðina í sumar og var búið að fá það samþykkt en var ekki gert. Svörin Inga fékk var að peningurinn kláraðist í annað. Vantar einnig fleiri hjólagrindur.



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

Foreldrafélagið ætlar að ýta við Hafnarfjarðarbæ. Mikilvægt að það sé nóg um að vera á skólalóð, dregur úr óæskilegri hegðum.

Næsti fundur eftir 12. október 2021 kl. 8:10